

# FUNDARGERÐ

## 119. stjórnarfundur KRAFT

119. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)  
23. nóvember 2020 kl. 20.00

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Pórunn, Inga María, Aron Ingi, Laufey,  
og Róbert Kjaran (liður 2 og 3).  
Lára (starfsmaður KRAFT) komst ekki á fundinn.  
Muggur forfallaður.  
Fundarritari : Laufey.

### 1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

### 2. MÓTAUMSÝSLUKERFI

Á 116. stjórnarfundum var samþykkt að fá Róbert Kjaran til að koma með tillögum að nýju / endurskoðuðu mótaumsýslukerfi. Fá eltt notendavænt kerfi sem væri auðvelt í notkun myndi hjálpa mikið við mótahald þ.s. dýrmætt mannafl fer í að koma tölvukerfinu upp fyrir hvert mót, auk að hjálpa við utanumhald um úrslit.

Róbert kynnti fyrir stjórnarmönnum hvernig staðan er núna. Margir ókostir og einn af þeim er að sömu upplýsingar eru slegnar inn oftast en einu sinni, handvirkt, sem eykur líkur á mistökum. Róbert hefur sett upp 10 liði með þörfum KRAFT sem væri gott að nýtt kerfi myndi uppfylla til að geta nýst sem best. Róbert fór í gegnum kosti og galla þeirra kerfa sem nú eru notuð í keppnum hér og erlendis : Next Lifter, Goodlift, Powerlifting Live, Openlifter, Managemycomp og Lifting Cast. Ekkert þessara kerfa nær að dekkja meirihlutann af þörfum KRAFT. Til að ná því yrði að hanna nýtt mótakerfi fyrir KRAFT. Eftir umræðu samþykktu stjórn að fela Róberti að koma með kostnaðaráætlun af nýju mótaumsýslukerfi með uppsetningu og viðhaldskostnaði. Róbert mun senda á stjórn kynninguna sína.

### 3. LANDSLIÐSVERKEFNI 2021

Auðunn mun senda uppfærðan lista á stjórn KRAFT. Róbert benti á að skoða þarf nokkur atriði, t.d. eru lágmörk sumra í öðrum flokkum en núverandi. Vegna ástandsins er ljóst að erfitt er fyrir landsliðsfólk að ná tveimur meistaramótum 2020. Stjórn samþykkti að vegna aðstæðna verði staðan tekin aftur snemmsumars 2021, en flest mót eru síðla árs 2021.

### 4. ASJ - AFREKSSJÓÐUR UMSÓKN 2021

Fyrir fundinn hafði Aron Ingi sent á stjórn umsóknina til umræðu. Rætt var um hvort hægt væri að nota styrk fyrir EM og HM á RIG. Almennt hefur það ekki verið hægt en spurning í þessu ástandi hvort það verður leyft. Gry kannar fyrst hvort framkvæmdanefnd RIG hafi sambandi við ASJ um að fá styrk en Gry mun einnig hafa beint samband við ASJ og kanna hvort KRAFT megi nota EM og HM styrki á RIG.

### 5. ÆFINGABÚÐIR

Æfingabúðir afreksfólks KRAFT sem átti að vera síðustu helgi féll niður en þrátt fyrir það héldu tveir aðilar í fagteymi, Geir Gunnar og Erlingur, fyrirlestra á netinu við góðan orðstír.

## 6. RIG

RIG verður haldið í lok janúar og forsvarsmenn RIG hafa ákveðið að mótið verður haldið hvort sem erlendir keppendur geti mætt eða hvort nokkrir áhorfendur verði í sal. Gry sendir á stjórn keppendalistann. Gry mun kanna sóttvarnareglur vegna komu erlendra keppenda, kröfur munu koma í gegnum RIG. Vegna þess hve stutt er í RIG ætlar Gry að kanna hjá yfirvöldum hvort afreksfólk sem er að fara að keppa á RIG fái að mæta á sínar æfingastaði.

## 7. KRAFTLYFTINGAFÓLK ÁRSINS 2020

Umræða varð um hvort eigi að kjósa eða sleppa því og hvað er rétt að gera í þessu ástandi sem hefur verið meirihlutann af árinu 2020. Gry ætlar að heyra í ÍSÍ og hvað önnur sérsambönd gera. Ákveðið að skoða þetta aðeins.

## 8. ÞÝÐING Á NÝJUM TÆKNIREGLUM IPF

Helgi Hauksson er að þýða nýjar tæknireglur IPF. Búið er að senda inn til ÍSÍ iðorðalista fyrir kraftlyftingahugtök.

## 9. ÖNNUR MÁL

### LAUNASJÓÐUR ÍSLENSKS AFREKSÍPRÓTTAFÓLKIS

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks. Ekki var talin þörf á neinni umsögn.

### KFA

Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) hafði samband við KRAFT og óskaði eftir viðbrögðum frá KRAFT þar sem KFA hefur ekki skilað til ÍBA ársreikningum og ársskýrslum eins og þeim er skilt skv. lögum. Stjórn samþykkti að Gry og Þórunn semji bréf sem verður borið undir stjórn KRAFT áður en það verður sent á ÍBA.

## 7. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## 8. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.22.15